

## 4

## Gjör dyrnar breiðar

1. Gjör dym - ar breið - ar, hlið - ið hátt. Þú, Herr - ans kristn - i, fagn - a mátt  
 2. Hann býð - ur líkn - ar bless - að ár, hann býð - ur dýpst að græð - a sár,  
 3. Sjá, mildi' er lög - mál lausn - ar - ans, sjá, líkn er veld - is - sprot - i hans.  
 4. Hve sælt það land, hve sælt það hús er sæl - u - gjaf - inn líkn - ar - fús

Því kóng - ur dýrð - ar kem - ur hér og kýs að eig - a dvöl hjá þér.  
 hann býð - ur þyngstu' að borg - a sekt, hann býð - ur aumra' að skýl - a nekt.  
 Því kom þú, lýð - ur krist - inn, nú og kóng - i dýrð - ar fagn - a þú.  
 sér trútt og hlýð - ið fund - ið fær, þar frið - ur, heill og bless - un grær.

5. Hve sælt það hjarta ávallt er  
 sem ást til Krists með lotning ber  
 og honum í sér bústað býr,  
 að bragði sorg öll þaðan flýr.

6. Gjör dyrnar breiðar, hliðið hátt,  
 þig, hjarta, prýð sem best þú mátt  
 og trúarlampann tendra þinn  
 og til þín bjóð þú Jesú inn.

7. Ég opna hlið míns hjarta þér,  
 ó, Herra Jesú, bú hjá mér  
 að fái hjálparhönd þín sterk  
 þar heilagt unnið náðarverk.

8. Ó, kom, minn Jesú, kom sem fyrst,  
 ó, kom og mér í brjósti gist,  
 ó, kom þú, segir sála mín,  
 ó, seg við mig: Ég kem til þín.